

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 4. mars 2026

Mál nr. S-361/2025:

Ákærvaldið

(Valborg Steingrimsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

Okey Emmanuel Ojidelu

(Ólafur Valur Guðjónsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara 17. júlí 2025 á hendur Okey Emmanuel Ojidelu [...],

„fyrir eftirtalin brot:

I.

Fyrir tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots með því að hafa, sunnudaginn 24. mars 2024, við Hótel Frón að Laugavegi 22a í Reykjavík, reynt að taka við 994,57 grömmum af kókaíni með 83% styrkleika, ætluðu til dreifingar hér á landi í ágóðaskyni, þegar hann tók við farangurstösku af A, sem hann taldi að í væru framangreind ávana- og fíkniefni en lögregla hafði áður lagt hald á efnin og fjarlægt þau úr farangurstöskunni, sem A kom með til landsins þá um nóttina sem farþegi með flugi [...] frá Varsjá í Póllandi til Keflavíkurflugvallar, þar sem efnin voru falin í niðursuðudósum.

Telst þetta varða við 2., sbr. 1. mgr. 173. gr. a., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir peningþvætti með því að hafa á tímabilinu 1. janúar 2023 til 24. mars 2024 tekið við og aflað sér ávinnings af sölu og dreifingu ávana- og fíkniefna og, eftir atvikum, af öðrum refsiverðum brotum, að lágmarki að fjárhæð 1.740.000 krónur, en fjármunina geymdi ákærði í formi reiðufjár á þáverandi heimili sínu að F þar til lögregla lagði hald á þá við húsleit á heimilinu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist, með vísan til 69. gr. og 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ákærða verði gert að sæta upptöku á innistæðu að höfuðstól 1.740.000 krónur af reikningi nr. [...] í Landsbankanum, þar sem varðveittir eru þeir fjármunir sem fundust og voru haldlagðir 24. mars 2024 við húsleit á þáverandi heimili ákærða að F (munir nr. 631416 og 631418), sbr. munaskrá 184984. Upptökukrafa þessi tekur einnig til áfallinna vaxta og verðbóta af hinum haldlögðu verðmætum frá haldlagningardegi til upptökudags.“

Málið var þingfest 28. ágúst 2025 og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 20. janúar 2026.

Ákærði neitar sök.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær kröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er þess krafist að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu og að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða að teknu tilliti til virðisaukaskatts og einnig þ.m.t. aksturskostnaður verjandans.

Við aðalmeðferð gaf ákærði skýrslu, sem og vitni þau sem nánar greinir síðar í dóminum.

Málsatvik

Mál þetta má rekja til þess að 24. mars 2023 kom A til landsins með flugi frá Varsjá í Póllandi og lenti skömmu eftir miðnætti aðfaranótt þess dags. Í samtali við tollverði kvaðst hún vera ferðamaður og hygðist hitta vin sinn. Við skoðun á farangri hennar kom í ljós mikið af matvöru sem hún sagði vera fyrir vin sinn. Vaknaði grunur tollvarða um að í þremur niðursuðudósum í farangrinum væri eitthvað annað en innihaldslýsing utan á dósunum gaf til kynna. Voru allar þrjár dósirnar opnaðar og í tveimur þeirra kom þá í ljós þunnt lag af einhvers konar mauki eða kæfu, en þar undir voru plastpakningar. Alls vógu dósirnar, með plastpakningunum, 1.807 grömm. Tekin var fíkniefnastrika af A og farangri hennar og kom fram jákvæð svörun við kókaíni.

Samkvæmt efnaskýrslu lögreglu reyndist vera kókaín í plastpakningunum, alls 994,57 grömm. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og

eiturefnafræði, dags. 10. apríl 2024, voru til rannsóknar 2 sýni af téðu kókaíni og reyndist styrkleiki beggja sýna vera 83% sem er í matsgerðinni sagt samsvara 93% af kókaínklóríði.

Í aðkomuskýrslu rannsóknarlögreglumanns, snemma að morgni 24. mars 2024, segir að lögreglumaðurinn hafi rætt við A sem hafi sagt að hún væri að koma með mat fyrir vin kærasta síns. Kærastinn hétí B en kvaðst ekki vita nafn vinarins, en hann býi á Íslandi og sé [...] og kallaður Kollega. Hún hafi komið oftár en einu sinni áður með mat fyrir Kollega og hann sæki þá töskuna til hennar á hótelið, en í töskunni séu allskyns matvæli. Kvaðst ekki hafa hugmynd um að í dósunum væri annað en matvara.

A var innt eftir því hvort hún vildi vinna með lögreglu að því að upplýsa málið, með það að markmiði að ná til þess eða þeirra sem hafi skipulagt innflutninginn. Kvaðst A vera reiðubúin til þess og upplýsti að hún hafi átt að fara á Hótel Frón að Laugavegi 22a í Reykjavík og láta vita þegar hún væri komin þangað og bíða frekari fyrirmæla. Síðast hafi hún afhent Kollega töskuna fyrir utan hótelið. Lét A lögreglu í té upplýsingar um netfang, símanúmer og annað vegna samskiptanna.

Í kjölfarið setti lögregla upp tálbeittuáðgerð þar sem lögregla tók yfir samskiptin við tengiliðinn B í síma A. Var þá búið að fjarlægja kókaínið úr töskunni en annað innihald látið vera til staðar.

Klukkan 11:38 tilkynntu lögreglumenn, sem höfðu yfirtekið samskiptin við B, á samskiptasmáforritinu Whatsapp að A væri komin á herbergið og biði frekari fyrirmæla. Klukkan 13:06 var ákærði kominn á Laugavegin, á móts við Hótel Frón og 6 mínútum síðar komu skilaboð frá B um að A ætti að fara út af hótelinu og hitta mann fyrir utan og láta hann fá töskuna. Í kjölfar þess fór A út af hótelinu og hitti ákærða og segir í skýrslu lögreglu að þau hafi faðmast og A afhenti ákærða svo töskuna og leiðir þeirra skildu. Í framhaldinu gekk ákærði af stað niður Laugaveg með töskuna og var hann handtekinn af lögreglu skömmu síðar. Hluti þessarar atburðarásar var tekin upp á myndband sem liggur fyrir í gögnum málsins.

Síðdegis sama dag, þ.e. 24. mars 2024, var gerð húsleit á heimili ákærða að F. Viðstaddar húsleitina voru C sem þá var [...] og [...], D og D, sem eru [...]. Við húsleitina fannst reiðufé í tveimur bláum plastpokum inni í fataskáp. Í öðrum pokanum voru íslenskir seðlar alls 800.000 krónur, en í hinum íslenskir seðlar alls 940.000 krónur. Voru peningarnir haldlagðir og lagðir inn á bankareikning og eru þetta peningarnir sem upptökukrafa ákærvalds lýtur að. C kvaðst fyrst ekkert vita um peningana, en skömmu

síðar sagði hún að þau væru stundum að geyma peninga fyrir G. Þá fundust 6 farsímar sem voru haldlagðir auk nokkurra gamalla takkasíma sem ekki var lagt hald á, grammavog, USB minniskubbar, ýmsir pappírar þ. á m. nafnalisti með upphæðum og útreikningum, sem og Bónus plastpoki með töluvert mörgum tómum niðursuðudósum.

Við rannsókn málsins var aflað gagna um rafræn samskipti, fjármál þ.m.t. skattframtöl, flugferðir og fleira, sem ekki verður rakið sérstaklega hér, en vísað til þeirra gagna síðar eftir þörfum.

A gaf skýrslu hjá lögreglu síðdegis 24. mars 2024 og lýsti því að hún hefði nokkrum sinnum áður komið með tösku með matvælum fyrir vin sinn B. Nánari upplýsingar sem hún veitti um B voru að hann hétí B, þannig ritað í lögregluskýrslu, og heimilisfang [...]. Hún hafi bókað sjálf flug og gistingu, en B lagt peninga inn á reikning hennar. Þetta hafi fyrst gerst í nóvember 2022. Aðspurð lýsti A því að hún hafi áður hitt ákærða í þessum erindagjörðum, en hann komi alltaf til að taka við töskunni og þess vegna hafi hún getað lýst honum fyrir rannsóknarlögreglumanni fyrr um daginn. Kvaðst ekki vita til þess að fíkniefni hafi verið í töskunni sem hún kom með til landsins og afhenti ákærða.

A var gert að sæta gæsluvarðhald allt frá 24. mars 2024, en með dómi Héraðsdóms [...] 2024, var hún dæmd í 15 mánaða fangelsi, að frádregnu gæsluvarðhaldi sem hún hafði sætt. Dómurinn hefur verið lagður fram í málinu og kemur fram að hún var ákærð og sakfelld fyrir brot gegn 173. gr. almennra hegningarlaga, en jafnframt kemur fram í dóminum að hún játaði sök.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 25. mars 2024. Kvaðst ekki kannast neitt við innflutning á kókaíni eða neitt í tengslum við slíkt. Kvaðst hafa verið að fá sendan mat, nánar tiltekið afrísk matvæli, frá vini sínum erlendis. Í töskunni hafi verið allskyns afrísk matvæli, en auk þess tvær til þrjár dósir af tómtum sem hann hafi átt að láta annan mann hafa. Kvaðst ekki vita hver hafi átt að fá dósirnar með tómtunum, en það hafi átt að hringja í ákærða. Eigandi töskunnar væri sá sem hafi átt að fá tómatana. Kvaðst einu sinni áður hafa fengið send matvæli og þá hafi hann þurft að láta sama einstakling fá töskuna. Kvaðst ekki þekkja A og ekki hafa hitt hana fyrr.

Ákærði gaf á ný skýrslu hjá lögreglu 8. janúar 2025. Neitaði sakargiftum um peningaþvætti og kvaðst engu vilja bæta við fyrri framburð. Kvað hina haldlögðu peninga vera frá vinnustað sínum. Kvaðst ekki eiga meira reiðufé en það sem hafi fundist, sem hann áætlaði að væri um 2 milljónir króna. Þetta fé væri laun fyrir svarta vinnu sem

hann hefði unnið, bæði við uppvask og í byggingariðnaði. Gat ekki sagt neitt til um hvar hann hafi verið að vinna og vildi ekki veita neinar upplýsingar um það, en þó að uppvaskið hafi verið í Reykjavík. Lýsti því líka að C hafi ekki vitað neitt um peningana, en um framburð hennar um að þau væru stundum að geyma peninga fyrir G kvaðst hann hafa logið að henni. Þá lýsti ákærði því að auk launa fyrir svarta vinnu hafi hann fengið bætur frá félagslega kerfinu.

Samkvæmt gögnum málsins, sem staðfest var af sækjanda við aðalmeðferð, sætti ákærði gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 25. mars 2024 – 23. apríl 2024 klukkan 16:00.

Framburður við aðalmeðferð

Ákærði kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og lýsti tildrögum þess að hann hafi tekið við ferðatösku frá A fyrir utan Hótel Frón umrætt sinn. Þetta hafi komið þannig til að vinur hans hafi verið að senda honum afrísk matvæli. Þegar ákærði hafi komið til Íslands og ekki verið með vinnu og nauðsynleg skjöl og ekki verið með nægilega peninga fyrir mat hafi hann talað við vin sinn, sem hann hafi þekkt frá því að hafa búið á Ítalíu. Hann hafi sagt vini sínum að Ísland væri gott land en matvæli væru mjög dýr, einkum þá afrísk matvæli. Þá hafi vinurinn sagt að ef hann myndi vita um einhvern á leið til Íslands þá myndi hann kaupa mat og fá viðkomandi til að flytja matinn til Íslands og láta svo ákærða vita svo hann gæti þá nálgast eða sótt matvælin. Vinurinn hafi sagt að þarna væru tvær pakkningar af tómötum en ákærði sagst að hann þyrfti ekki tómata, en vinurinn hafi sagt að ákærði ætti að láta aðra manneskju hafa þetta. Ákærði hafi sagst myndu sækja þetta og þá yrði hringt í hann til að afhenda matinn, en svo hafi lögregla komið og tekið bæði ákærða og töskuna.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa flutt til Íslands árið 2020. Samtalið við vin ákærða um verð á matvælum á Íslandi muni hafa það sama ár. Vinurinn hafi áður sent ákærða mat, en aðeins einu sinni. Kvaðst ekki muna hvenær það hafi verið. Aðspurður um nafn þessa vinar kvað ákærði að hann heiti H. Kvaðst ekki vita um önnur nöfn á manni þessum. H sé [...] að uppruna, en þeir hafi búið saman á Ítalíu. Kvaðst ekki vita hvar H búi núna. Aðspurður hvar H hafi búið þegar hann hafi sent ákærða matinn kvað ákærði að það hafi verið á Ítalíu þar sem hann búi enn. Kvaðst þó ekki vita hvaðan hann hafi sent ákærða matinn. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa átt að greiða H fyrir matvælin. Aðspurður kvað ákærði að hann vissi ekki til þess að H hafi komið til Íslands.

Aðspurður um mann að nafni B sem tengilið í haldlögðum og ætluðum síma ákærða, kvaðst ákærði ekki vita neitt um hann og kvaðst ekki hafa haft neinn tengilið í sínum síma með þessu nafni.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið í samskiptum við neinn annan en H í tengslum við innflutning á matvælum. Ákærði hafi sjálfur gefið mat og hjálpað öðru fólki sem hafi verið nýkomið frá Afríku til Íslands með mat. Afrískur matur sé mjög dýr á Íslandi.

Aðspurður um samtal sitt við H 24. mars 2024 um töskuna kvað ákærði að H hafi ætlað að láta sig hringja í þessa manneskju þegar hann væri kominn með þetta, eða að viðkomandi myndi hringja í ákærða. Ákærði hafi ekki fengið að vita frá H hver manneskjan væri. H hafi bara sagt að einhver myndi koma og ákærði myndi sækja töskuna.

Aðspurður hvort það væri rétt skilið að ákærði hafi þannig verið beðinn um að taka við tösku með þremur dósum af tómötum kvað ákærði að sér hafi ekki verið sagt að það væru tómatar í töskunni. Sér hafi bara verið sagt að sækja tösku og það væru tvær dósir af tómötum og annar matur í töskunni og hann ætti að fara með þetta til vinar. Hann hafi verið á leið í verslun Costco þegar hann hafi fengið símtalið. Sér hafi verið sagt að það væri manneskja þarna, en hann hafi ekki vitað hver.

Aðspurður vegna framburðar síns um hátt verð á matvælum á Íslandi og hvort hann þekki verð á tómötum á Íslandi, kvað ákærði að hann borði ekki tómata og tómatararnir hafi ekki verið fyrir hann. Kvaðst ekki vita hví tómatar hafi verið í töskunni, en hann hafi ekki beðið um tómata. Kvaðst aðspurður ekki hafa þótt grunsamlegt að verið væri að senda tvær eða þrjár dósir af tómötum til Íslands og ekki hafa velt því sérstaklega fyrir sér. Hann hafi bara verið ánægður með að fá sendan góðan mat. Hann hafi ekki grunað að neitt annað væri í dósunum.

Þá kvaðst ákærði aðspurður hafa búið [...] á þessum tíma, en verið á leið í Costco og ekki hafa verið kominn til Reykjavíkur til að taka við töskunni, heldur til að fara til að kaupa pott fyrir [...] hjá einhverri konu og svo hafi hann ætlað í Costco, en á leiðinni hafi verið hringt í hann.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið í vinnu þennan dag, enda hafi verið sunnudagur.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki þekkja eða hafa þekkt A þá sem afhenti ákærða umrædda tösku og ekki hitt hana fyrr. Aðspurður hvernig þau hafi heilsast þetta eina sinn kvaðst ákærði bara hafa sagt „hæ“ og þau hafi ekkert spjallað saman.

Aðspurður hvort ákærði þekkti til B sem A hafi vísað til kvaðst ákærði ekki þekkja þann mann.

Aðspurður hvort aldrei hafi komið til tals að ákærði og A fengju símanúmer hvors annars til að hafa bein samskipti um töskuna kvað ákærði það aldrei hafa verið og hann hafi ekki haft símanúmer hennar.

Aðspurður kvaðst ákærði aldrei hafa fengið greitt fyrir að taka við matvælum frá vini sínum.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa notað Signal samskiptaforritið.

Þá kvaðst ákærði aðspurður aldrei hafa komið að sölu eða dreifingu kókaíns á Íslandi og að hann þekki ekki fólk hérlendis sem standi í slíku. Hann hafi bara verið að vinna á Íslandi og unnið svarta vinnu enda sé hann líkamlega sterkur. Hann hafi unnið í byggingarvinnu og líka við uppvaske og hafi ekki tíma til að standa í kókaínviðskiptum.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki koma nálægt neinu peningaþvætti og hafi ekki gert. Að hans skilningi sé peningaþvætti fólgið í millifærslu eða flutningi peninga milli landa. Aðspurður um menntun sína kvaðst ákærði hafa farið í grunnskóla. Aðspurður um starfsþjálfun kvaðst ákærði hafa fengið slíkt í [...] á sviði efnafræði eða lyfjafræði sem aðstoðarmaður í apóteki. Þá hafi hann unnið fiskvinnslustörf.

Aðspurður um atvinnu á árunum 2023 og 2024 kvaðst ákærði ekki hafa verið í vinnu þá vegna þess að hann hafi ekki haft nauðsynleg skjöl. Hann hafi þó unnið svarta vinnu á þessum tíma. Hann hafi bæði unnið í byggingarvinnu og við uppvaske. Fyrri hluta dags í byggingarvinnu og seinni hluta dags við uppvaske. Launum fyrir þetta hafi hann safnað saman og þess vegna hafi hann verið með peninga heima hjá sér. Framfærsla ákærða á árunum 2023 og 2024 hafi verið með félagsþjónustu, þ. á m. matur. Á þessum tíma hafi hann búið [...]. Hann hafi búið [...] þegar hann var handtekinn, í leiguíbúð. Leigan hafi verið 280.000 krónur á mánuði, sem hann hafi getað greitt með fjárhagslegri aðstoð frá félagsþjónustunni. Þau hafi verið [...] í fjölskyldunni. Heildarráðstöfunartekjur heimilisins hafi verið á að giska 380.000 krónur á mánuði. Það hafi verið á að giska 180.000 krónur frá ákærða og sambærilegt frá [...] C. Þau hafi ekki átt bíl á þessum tíma. Félagsþjónustan hafi látið þau hafa peninga fyrir mat. Þá sagði

ákærði að [...] hafi ekki vitað um peningana sem hann hafi sparað og safnað úr svörtu vinnunni. Hún hafi líka orðið hissa þegar hún hafi séð peningana við húsleitina.

Aðspurður um svörtu vinnuna og þá fyrst um uppvaskið kvaðst ákærði hafa unnið í Hafnarfirði. Þetta hafi verið á veitingastað, en ákærði kvaðst ekki vita nafn staðarins en bara hafa vitað hvar hann var. Kvaðst ekki vilja segja hvaða veitingastaður þetta sé þar sem hann vilji ekki koma veitingastaðnum í vandræði með því að nefna hann. Var ákærða bent á að hann sé sakaður um peningabætti, en kvaðst allt að einu ekki vita nafn veitingastaðarins. Aðspurður kvaðst ákærði ekki vita nafn yfirmanns síns á veitingastaðnum. Kvaðst hafa unnið á vöktum frá klukkan 17 til 22. Þetta hafi verið fastar vaktir alla daga nema mánudaga. Einn af stjórnendum hafi séð um að greiða ákærða laun, en ákærði kvaðst ekki vita nafn hans. Launin hafi verið stundum 300.000 krónur á mánuði og stundum 280.000 krónur og það hafi farið eftir vinnustundafjölda. Ákærði hafi ekki skrifað niður vinnustundirnar.

Aðspurður um byggingarvinnuna kvaðst ákærði ekki hafa sérstaka menntun eða þjálfun á því sviði og kvaðst ekki hafa þurft fagmenntun í því. Hann hafi verið að þrifa og bera hluti s.s. sement og hjálpa til. Kvaðst ekki vita nein nöfn í þessu sambandi. Hann hafi bara beðið um vinnu og honum hafi verið sagt að hann gæti unnið. Þetta hafi líka verið í Hafnarfirði, ekki langt frá verslunarmiðstöðinni Fjörður, rétt eins og uppvaskið. Kvaðst ekki vita hverjir hafi verið yfirmenn þarna. Hann hafi unnið þarna alla vikudaga nema sunnudaga og vinnutíminn hafi verið til klukkan 12. Enginn sérstakur hafi gefið sér fyrirmæli um vinnuna, en hann hafi bara gert það sem hann hafi verið beðinn um að gera. Allir hafi getað gefið sér fyrirmæli. Einhver maður þarna hafi greitt honum fyrir vinnuna, en kvaðst ekki vita nafn á honum. Laun hafi verið greidd mánaðarlega, stundum 200.000 krónur.

Aðspurður kvað ákærði að byggingarvinnan hafi verið á tveimur stöðum, en hann hafi þó unnið mun styttra á fyrri staðnum.

Aðspurður hvernig ákærði hafi fengið þessa vinnu kvað hann að hann hafi bara farið um og séð hús í byggingu og farið þangað. Eitthvað fólk þarna hafi ráðið hann til vinnunnar, en hann viti ekki hver er hver þarna.

Aðspurður um uppvaskið kvað ákærði að það hafi bara verið á einum veitingastað, en ítrekaði að hann vildi ekki gefa upp hvaða veitingastað því það þætti sér svik við vinnuveitandann. Aðspurður um hvernig hann hafi fengið vinnuna við uppvaskið kvaðst ákærði hafa farið á veitingastaðinn og beðið um vinnu. Áður hafi hann

farið á aðra veitingastaði til að biðja um vinnu, en ekki fengið. Kvaðst ekki vilja segja nafn þess manns sem hafi ráðið hann í vinnu.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa átt Nokia farsíma þegar hann var handtekinn, en leiðrétti sig strax og kvað símann sinn hafa verið af Samsung gerð. Hann hafi ekki átt aðra síma. Símanir sem hafi fundist á heimili ákærða við húsleit hafi verið símar barna ákærða. Kvaðst ekki hafa fengið símann sinn aftur, en hann hafi verið haldlagður af lögreglu. Þegar hann hafi verið yfirheyrður af lögreglu og beðinn að heimila skoðun á síma sínum þá hafi það átt við um alla símana. Hann hafi leyft það.

Aðspurður um að hafa einu sinni áður tekið við svona matarsendingu staðfesti ákærði það. Þá hafi hann ekki verið beðinn um að afhenda einhverjum eitthvað sem hafi verið í sendingunni.

Aðspurður um peningana sem fundust við húsleit á heimili ákærða kvað hann það hafa verið 2 milljónir króna.

Aðspurður um fjárhæðina 1.740.000 krónur kvaðst ákærði ekki geta skýrt mismuninn, en lögregla hafi talið peningana [...] og hún beðin að undirrita og henni sagt að þetta væru 2 milljónir króna.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa fengið mataraðstoð frá félagsþjónustunni á árunum 2023 og 2024 í formi inneignarkorts. Kortið hafi bara virkað í Bónus en ekki í [...] búðinni.

Aðspurður um framburð sinn um að hann hafi sagt vini sínum að matur væri mjög dýr á Íslandi og að vinurinn hafi þá sagst myndu geta sent ákærða mat, kvað ákærði það vera rétt. Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu um að samtalið um hátt verð á mat hafi verið að frumkvæði vinarins kvaðst ákærði hafa átt það frumkvæði, enda gæti vinurinn ekki hafa vitað neitt um verðlag á Íslandi.

Aðspurður um mismunandi framburð varðandi það hvort ákærði eða vinur hans hafi átt hugmyndina að því að senda matvæli til Íslands kvað ákærði að það hafi verið hugmynd ákærða sjálfs af því að vinurinn þekki til ferðamanna sem fari stundum til Íslands.

Aðspurður kvað ákærði að það hafi verið vinurinn sem hafi sagt ákærða að í töskunni væri niðursoðnir tómatar í dós.

Aðspurður um myndir af téðum dósnum sem lögregla fann og innihéldu kókaínið, sem beri ekki með sér að innihalda tómata, kvaðst ákærði ekki vita neitt um það, en vinurinn hafi sagt að það væru tómatar í töskunni.

Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu um að þegar hann hafi einu sinni áður fengið sendan mat að þá hafi það verið A sem kom með töskuna kvað ákærði að það hafi verið kona en hann viti ekki hver það er.

Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu að fyrri matarsendingin hafi komið á árinu 2023 kvað ákærði það sennilega rétt, en kvaðst ekki viss um dagsetningu.

Aðspurður um framburð A hjá lögreglu um að hafa komið í nokkrar svona ferðir til Íslands og í öllum tilfellum afhent ákærða sendinguna sem hún hafi komið með til Íslands, kvað ákærði það vera ósannindi.

Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu um að vinurinn sé [...] búsettur í Póllandi kvað ákærði það ekki rétt. Vinurinn hafi ekki búið í Póllandi. Kvaðst ekki geta sagt til um þetta, en mögulega hafi vinurinn komið til Póllands.

Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu að vinurinn H væri vistaður í síma ákærða sem H1 og H kannaðist ákærði við það. H hafi sennilega haft 2 símanúmer. Aðspurður um tengiliðinn B sem hafi verið í sama síma kvaðst ákærði ekki vita neitt um það. Aðspurður um annan síma sem hafi fundist á heimilinu með tengiliðnum Bog skilaboð frá þeim aðila í ágúst 2023 í þann síma þar sem B þakkar C fyrir það sem þau [...] hafi gert og séu að gera fyrir hann, kvaðst ákærði kannski hafa hjálpað þessum manni eða gefið honum eitthvað einhvern tíma, mat eða föt eða annað. Fólk gangi undir mismunandi nöfnum enda sé [...] fólk oft með fleiri en eitt nafn.

Ákærða var sýnd umrædd skilaboð frá B og kvaðst minnst þess að hafa keypt jakka í Smáralind fyrir mann sem hann hafi hitt í kirkju. Aðspurður um að skilaboðin virðist vísa til einhvers viðvarandi en ekki einstaks atviks kvaðst ákærði hafa gefið manni þessum mat, sem sé mjög dýr á Íslandi. Þennan mann hafi ákærði kallað B og þekkt hann undir því nafni.

Aðspurður um framburð A um að hafa verið í samskiptum við mann sem var í síma hennar kallaður B, um innflutninginn á kókaíninu, en sem hétu í raun B kvaðst ákærði ekki vita neitt um það. Um þann framburð A að B hafi búið á Íslandi í nokkra mánuði á árinu 2023 og að sá maður sé vinur ákærða, kvaðst ákærði ekki þekkja mann þennan. Kvaðst ekki geta sagt neitt um að skilaboðin frá B hafi komið á sama tíma og sá maður hafi búið á Íslandi.

Aðspurður um skilaboð í síma sem hafi fundist á heimili ákærða, frá einhverjum undir nafninu I kvaðst ákærði ekki vita neitt um það. Kvaðst ekki muna til þess að hafa séð skjáskot með slíkum skilaboðum.

Aðspurður um skilaboð í sama síma, sem ákærði kannist ekki við, milli símans og I þar sem rætt er um léleg gæði á „coke“, kvaðst ákærði ekki vita neitt um það. Kvaðst ekki vita neitt hver hafi átt þennan síma, en símarnir á heimilinu hafi verið eign ákærða, [...]. Nánar aðspurður um símann, sem hafi verið blár í glæru hulstri, kvaðst ákærði ekki vita hver hafi átt hann. Kvaðst ekki vita hvaða sími þetta sé.

Aðspurður hvort C, [...], hafi verið að vinna úti á þessum tíma, þ.e. á árinu 2023, kvað ákærði að það hafi ekki verið. Hún hafi ekki verið með skilríki á þessum tíma. Aðspurður um skilaboð í téðum síma, þ.e. bláum með glæru hulstri, þar sem handhafi eða eigandi símans hafi verið að biðja um vinnu, t.d. við þrif, kvað ákærði að [...] hafi hvorki verið í vinnu né verið að sækja um vinnu. Aðspurður um skilaboð í símanum þar sem fram hafi komið að handhafi símans komist ekki í dag vegna veikinda, hafði ákærði ekki skýringar. Staðfesti að á þessum tíma hafi ekki aðrir verið að vinna en hann sjálfur. Hann hafi ekki vantað í vinnu vegna veikinda. Kvað ákærði [...] ekki hafa verið að sækja um vinnu á þessum tíma.

Aðspurður um skattframtal sitt 2024 fyrir tekjuárið 2023 þar sem heildartekjur ákærða árið 2023 hafi verið framtaldar 922.040 krónur, allt frá félagsþjónustunni, kvað ákærði að hann viti það ekki enda vinni hann ekki hjá Skattinum. Ítrekað aðspurður kvað ákærði að það ætti að vera. Aðspurður um þann framburð sinn að hafa fengið um 180.000 krónur á mánuði frá félagsþjónustunni, sem væri þá meira en 922.040 krónur yfir árið, kvaðst ákærði ekki geta skýrt þennan mun.

Nánar aðspurður um framburð sinn um svarta vinnu og hvers vegna hann hafi ekki skýrt frá því í skýrslutöku hjá lögreglu, kvaðst ákærði hafa gert það. Hann hafi ekki viljað segja hvar af sömu ástæðum og að ofan greinir, þ.e. hann hafi ekki viljað koma vinnuveitendunum í vandræði.

Aðspurður um það sem haft er eftir C, [...], í skýrslu um húsleit, að hún kannist ekki við féð sem hafi fundist, 1.740.000 krónur, en síðan að þau væru stundum að geyma peninga fyrir G, kvað ákærði að þau hafi ekki verið að geyma peninga fyrir neinn. Ákærði hafi sagt þetta við C til að hún væri ekki að biðja hann um peninga. Aðspurður hvort G sé ekki raunverulegur kvaðst ákærði hafa getað sagt hvaða nafn sem var við C. Kvaðst þekkja einhvern G í Reykjavík. C þekki hann líka, enda sæki þau sömu kirkju. Ákærði hafi sagt C að G vildi ekki að [...] G vissi eða sæi að G ætti peninga. C hafi vitað að ákærði hafi verið að vinna svarta vinnu en ekki vitað hve mikla peninga hann hafi átt.

Aðspurður um 200.000 krónur á bankareikningi sínum sem hann hafi lagt inn árið 2024 kvað ákærði að það hafi verið laun. Aðspurður hvers vegna hann hafi lagt þessi vinnulaun inn á reikning, en ekki féð sem fannst á heimilinu, kvað ákærði að það hafi verið vegna veikinda móður ákærða, sem hafi vantað peninga.

Vitnið A gaf skýrslu við aðalmeðferð gegnum fjarfundarbúnað. Aðspurð um skipulagningu ferðar hennar til Íslands í mars 2024 kvað vitnið að vinur hennar hafi skipulagt ferðina, en hún hafi sjálf keypt flugmiðana og hún hafi átt að hitta ákærða. Vinurinn sem hafi skipulagt þetta heiti B. Það hafi legið fyrir áður en hún fór í ferðina að hún ætti að hitta ákærða héraðs. B þessi sé [...] að uppruna og tali bæði pólsku og ensku. Á þessum tíma muni B hafa búið í Varsjá í Póllandi, en kvaðst ekki muna heimilisfangið en gatan heiti [...]. Þetta heimilisfang hafi hún áður gefið upp. Aðspurð um hvort B hafi komið til Íslands kvað vitnið að hann hafi gert það, enda hafi hún hitt hann einu sinni á Íslandi. Það muni hafa verið að vetri til, mögulega á árinu 2022. Aðspurð kvað vitnið að það hafi verið B sem hafi ákveðið að hún færi til Íslands. Hann hafi ekki ákveðið á hvaða hóteli hún gisti, en hún hafi mátt ákveða það sjálf. B hafi endurgreitt henni það sem hún hafi lagt út fyrir flugmiðanum. Aðspurð hvort vitnið þekki ákærða kvaðst hún hafa séð hann tvisvar, þ.e. í mars 2024 og einu sinni áður. Fyrri skiptið hafi verið þegar hún hafi átt að afhenda honum tösku með mat. Það gæti hafa verið í nóvember 2023. Aðspurð um hitting ákærða og vitnisins í mars 2024 lýsti vitnið því að hún muni það ekki vel, en minnti að ákærði hafi knúsað hana. Þau hafi ekki spjallað saman, en hún hafi afhent honum töskuna og sagt að þau myndu hittast eftir hádegis einhvern tíma í kaffi, en þegar hún hafi gengið burt hafi lögreglan komið. Aðspurð um vitneskju sína um kynni ákærða og B kvað vitnið að þeir þekktist pottþétt, enda hafi hún aldrei verið í beinum samskiptum við ákærða heldur hafi samskipti hennar verið við B sem hafi verið í samskiptum við ákærða og þeir hafi ákveðið hvar og hvenær þau myndu hittast. Kvaðst vitnið ekki vita hvort þeir hafi hist á Íslandi, ákærði og B. Aðspurð kvaðst vitnið hafa hitt B í Varsjá og hann látið vitnið hafa tösku sem vitnið hafi opnað og þar hafi verið matur en ekkert annað áhugavert. B hafi sagt að þetta væri matur fyrir vin hans og að hún færi með þetta til Íslands til að afhenda ákærða. Fyrri ferðin hafi líka verið skipulögð af B og ákærði þá líka tekið við töskunni. Að frátöldum þessum tveimur ferðum hafi hún komið nokkrum sinnum en kvaðst ekki muna hve oft. Í þeim ferðum hafi hún einu sinni verið með tösku frá B til að afhenda.

Aðspurð hvort vitnið hafi vitað að það væri kókaín í töskunni í ferð hennar í mars 2024, þ.e. ferðinni þegar hún hafi afhent ákærða töskuna, kvaðst vitnið ekki hafa vitað það. Hún hafi opnað töskuna heima hjá sér og þar hafi verið innpakkaður matur og ekkert verið áhugavert. Hún hafi nefnt við B að hún og B yrðu í beinum samskiptum, en B hafi aldrei látið sig hafa símanúmer ákærða. Það hafi ekki vakið henni grunsemdir, enda hún ekki góð í ensku og ákærði tali ekki pólsku.

Þá kvað vitnið aðspurð að B hafi líka verið kallaður B og hún þekkt hann undir því nafni og hann verið þekktur undir því nafni. Kvaðst ekki vita hvort hann hafi búið á Ítalíu, en kvaðst vita að hann hafi búið í Sviss og í Hollandi.

Vitnið kannaðist við að hafa sjálf fengið dóm í málinu, en kannaðist ekki við að hafa játað sök og kvaðst ekki hafa vitað hvað var í töskunni.

Aðspurð um framburð ákærða um að hafa verið í samskiptum við H kvaðst vitnið ekki kannast við þann mann. Aðspurð um framburð sinn hjá lögreglu að B hafi búið á Íslandi í nokkra mánuði árið 2023 kvað vitnið það vera rétt. Aðspurð um framburð sinn um að B og ákærði séu vinir kvað vitnið vera rétt. Aðspurð um myndir af skilaboðum í síma vitnisins á milli vitnisins og B, þar sem sjáist að B hafi beðið hana um að fara í Íslandsferðir á ákveðnum dögum lýsti vitnið því að hún hafi átt að senda B dagsetningar þegar hún gæti ferðast, sem hafi verið um helgar. Aðspurð um framburð hennar hjá lögreglu um að hún hafi nokkrum sinnum áður komið með tösku að beiðni B og afhent ákærða kvaðst vitnið bara hafa hitt ákærða tvívegis, en hún hafi líka hitt einhvern annan. Aðspurð um upptöku af því þegar vitnið afhenti ákærða töskuna og þau spjalla saman í kjölfarið kvað vitnið að þetta hafi bara verið nokkrar sekúndur. Aðspurð um skilaboð milli vitnisins og B í janúar 2024 kvaðst vitnið ekki muna eftir þeim. Kvaðst ekki muna fyllilega, en verið geti að hún hafi komið til Íslands í janúar 2024.

Aðspurð um það að í gögnum málsins sjáist að hún hafi komið til Íslands a.m.k. 6 sinnum á árunum 2022 til 2024 og oftast stoppað í 1 – 2 sólarhringa kvaðst vitnið hafa afhent tösku með mat í a.m.k. 2 tilvikum og svo skoðað sig um.

Vitnið C, [...], gaf skýrslu við aðalmeðferð. Vitnið lýsti því að samband þeirra sé þannig að hann sé [...], en þau búi ekki saman. Hún hafi flutt til Íslands árið 2020. Árin 2023 og 2024 hafi þau búið í Breiðholti í Reykjavík og svo [...] síðustu 3 ár. Þau hafi verið í leiguhúsnaði [...] en búið í félagslegu húsnaði í Breiðholti. Leigugreiðslur á [...] hafi verið frá 280.000 krónum á mánuði, en hækkað mánaðarlega. Á heimilinu hafi búið þau [...]. Þau hafi [...]. Hún unnið úti frá nóvember 2024. Tekjur þeirra á árunum 2023

og 2024 hafi verið frá félagsþjónustunni. Hún hafi fengið greitt með greiðslukorti í Reykjavík, en [...]hafi verið greitt 207.000 krónur á mánuði fyrir hvort þeirra fyrir sig. Aðspurð hvort þau hafi náð endum saman kvað hún þau hafa komist af, en það hafi ekki verið auðvelt. Hún hafi ekki aflað neinna tekna umfram þetta, en ákærði hafi stundum farið út og sagst vera í svartri vinnu, en hún viti ekki nánar um það.

Aðspurð um mann kallaðan B nánar tiltekið B, kvaðst vitnið ekki kannast við það, en þau hitti mikið af fólki þegar þau fari til kirkju í Reykjavík. Kvaðst ekki kannast við símasamskipti við mann með þessu heiti, en þó hafi kannski verið maður með þessu heiti í kirkjunni sem hafi vantað mat sem hún hafi gefið mat sem henni hafi verið gefinn í kirkjustarfi og hann hafi haft samband og þakkað fyrir sig.

Aðspurð um mann að nafni G kvaðst vitnið ekki kannast við það.

Aðspurð um þátttöku vitnisins í framfærslu [...] á árunum 2023 og 2024 kvaðst vitnið hafa gert það ásamt ákærða.

Aðspurð um 1.740.000 krónur í reiðufé sem hafi fundist við húsleit á [...] vitnisins og ákærða kvaðst vitnið hafa orðið mjög hissa enda hafi hún ekki vitað neitt um þetta. Kvaðst telja að þetta hafi verið um 2 milljónir en ekki 1,7 milljónir. Þetta hafi verið talið fyrir framan hana. Þetta hafi verið inni í skáp sem hún hafi aldrei farið í. Aðspurð um það sem haft sé eftir vitninu í skýrslu lögreglu um húsleitina, þ.e. fyrst að hún vissi ekkert um þetta en síðan að þau geymdu stundum peninga fyrir G kvaðst vitnið ekki muna eftir þessu. Kvaðst heldur ekki vita hver sá G væri.

Aðspurð um síma sem hafi fundist á heimilinu, þar af 2 símar þar sem skráður sé tengiliðurinn B kvaðst vitnið ekki vita um annan B en hún hafi þegar getið um. Hún hafi heldur ekki vitað annað nafn á manni þessum en B.

Aðspurð um svartan Samsung farsíma í glæru hlustri sem fundist hafi á [...] ákærða kvað vitnið að þau hafi [...] notað Samsung síma. Kvaðst vera samfélagsmiðlamanneskja m.a. til að senda út efni, en kvaðst ekki vita hvaða síma verið sé að vísa til.

Aðspurð um bláan TCL farsíma í glæru hlustri TCL kvaðst vitnið ekki geta sagt til um hann. [...] ýmsa síma. Aðspurð um skilaboð sem sjáist í þeim síma, þar sem fjallað sé um kókaín, kvaðst vitnið ekki vita neitt um það. Jafnframt skilaboð frá árinu 2022 varðandi vinnu, bæði þar sem verið sé að biðja um vinnu og líka tilkynna veikindaförföll í vinnu, en um þetta kvaðst vitnið ekkert vita. Á þessum tíma hafi ákærði stundum farið út og sagst vera að vinna svart, en hún viti ekkert um þetta.

Aðspurð um tengilið í einum hinna haldlögðu síma, undir nafninu H 1 og 2, kvaðst vitnið ekki vita neitt um það og aldrei áður hafa heyrt þetta nafn.

Aðspurð hvort vitnið vissi til þess að ákærði væri að fá send matvæli til Íslands kvaðst vitnið ekki vita um það, en einu sinni fyrir nokkrum árum hafi ákærði komið með afrískan mat sem einhver vinur sinn hefði sent sér. Hún hafi eldað matinn og þau borðað hann.

Aðspurð um skilaboð í síma frá B, líklega til vitnisins, þar sem m.a. sé sagt „Guð blessi þig stóra systir“ kvað vitnið að með þessu sé henni sýnd virðing, en hún sé eldri en maður þessi, hafi gefið honum mat og þarna sé verið að sýna þakklæti.

Aðspurð hvort vitnið þekki til einhvers sem kallaður sé B kvaðst hún ekki geta sagt til um það, en B sé stundum kallaður B.

Aðspurð kannaðist vitnið ekki við að hafa heyrt nefndan mann að nafni B.

Aðspurð kvaðst vitnið ekki minnst þess að hafa verið í samskiptum við neinn sem hafi kallað sig I.

Aðspurð kvað vitnið að hluta ársins 2023 hafi þau verið án skilríkja.

Á ný var vitnið spurð um bláan TCL farsíma í glæru hlustri sem hafi fundist í sófa á [...] og ákærða. Kvaðst halda að þetta geti verið sími sem [...] hafi áður notað, en hún hafi ekki átt bláan síma og ekki ákærði heldur. Kvaðst ekki vita hvort ákærði hafi notað síma þennan.

Aðspurð um tengilið í bláa símanum, að nafni J, kvaðst vitnið ekki minnst þess. Þá kvaðst vitnið heldur ekki kannast við tengilið í sama síma undir nafninu K.

Aðspurð um Bónus innkaupapoka, fullan af tómun niðursuðudósum, sem hafi fundist á heimilinu, kvaðst vitnið hafa notað dósir þessar til að elda mat í þeim.

Aðspurð um grammavog sem hafi fundist í fataskáp á heimilinu kvaðst vitnið ekki vita hvaða vog væri spurt um.

Aðspurð um lista með nöfnum og fjárhæðum við hvert nafn kvað vitnið þetta vera lista yfir fátækt fólk í [...] sem þiggi fjárhagsaðstoð frá henni. Þetta séu reikningsnúmer frá fátæka fólkinu.

Lögreglumaður nr. 0301 gaf skýrslu við aðalmeðferð gegnum fjarfundarbúnað. Vitnið staðfesti að Ahafi orðrétt sagt að *vinur B* hafi komið og tekið töskuna. Aðspurður um það sem fram komi í skilaboðum milli A og B sem lögregla hafi tekið yfir, kvaðst vitnið ekki hafa verið kunnugt í smáatriðum um innihald samskiptanna. Aðspurður staðfesti vitnið að A hafi faðmað ákærða þegar þau hafi hist á Laugaveginum. Vitnið

staðfesti að hafa verið á vettvangi þegar ákærði var handtekinn, sem stjórnandi aðgerða en ekki framkvæmt handtökuna sjálfur. Þá kvaðst vitnið aðspurður muna að við handtöku hafi ákærði verið með farsíma og verið að tala í hann. Vitnið staðfesti frumskýrslu sína.

Lögreglumaður nr. 1416 gaf skýrslu við aðalmeðferð gegnum fjarfundarbúnað. Vitnið kvað aðspurð staðfesta að hafa tekið yfir skilaboðasamskipti A við B, en kvaðst ekki muna efni skilaboðanna. Aðspurð kannaðist vitnið við að hafa gert skýrslu um húsleit, en kvaðst ekki muna þetta vel og ekki heldur fjárhæðina, en féð hafi verið talið fyrir framan [...]. Vitnið hafði ekki skýringu á að féð hafi bæði verið tilgreint sem 2 milljónir króna og 1.740.000 krónur í skýrslum lögreglu. [...] hafi virst hissa í fyrstu og ekki kannast við féð, en svo sagt að þau væru stundum að geyma peninga fyrir G. Vitnið kvaðst muna að einhverjir farsímar hafi fundist við húsleitina, en ekki nánar um þá.

Sérfræðingur lögreglu nr. SU26 gaf skýrslu við aðalmeðferð gegnum fjarfundarbúnað. Vitnið staðfesti að hafa unnið úttekt eða skýrslu um rannsókn á fjárhagsgögnum. Vitnið staðfesti að skv. skattframtali ákærða sé hann ekki samskattaður við maka og hafi ekki talið fram með maka. Kvaðst ekki minnst þess að kannað hafi verið hvort maki ákærða hafi talið fram til skatts. Heildar nettó ráðstöfunartekjur ákærða árið 2023 skv. skattframtali hafi verið um 920.000 krónur. Við skoðun reikninga hafi komið fram 200.000 krónur sem ákærði hafi lagt inn á reikninginn í reiðufé sem hafi ekki verið útskýrðar tekjur, en það hafi ekki verið á árinu 2023. Við greininguna hafi ekki verið horft til reiðufjár sem hafi fundist á heimili ákærða.

Lögreglumaður nr. 2455, áður h-1617, gaf skýrslu við aðalmeðferð gegnum fjarfundarbúnað. Vitnið staðfesti að hafa unnið skýrslur um afritun gagna af farsínum. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hún hafi unnið sjálfa afritunina, en hún hafi farið yfir efnið sjálft. Aðspurð um einn þeirra síma, TCL 20SE, og skýrslu um hann, kvað vitnið að ekki sé unnt að fullyrða að skjáskot sem þar sjáist hafi verið tekin á þann síma, en gögnin bendi frekar til þess að skjáskotin hafi verið send í þennan síma. Aðspurð um það á hverju það sé byggt sem segir í skýrslunni, að síminn sé sími ákærða, kvað vitnið að það sé væntanlega byggt á upplýsingum frá rannsakara, en kvaðst ekki muna hver það væri.

Forsendur og niðurstöður

Ákærða í máli þessu er annars vegar gefið að sök ávana- og fíkniefnabrot og hins vegar peningaþvætti, allt eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði neitar sök í báðum liðum ákæru og krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds.

Í málinu er óumdeilt að A kom með flugi til landsins 24. mars 2024 eins og að ofan greinir. Jafnframt er óumdeilt að í farangri hennar voru þau 994,57 grömm af kókaíni sem nefnd eru í ákærinni, en fram hefur komið og ekki verið vefengt, að kókaínið var af þeim styrkleika sem að ofan er lýst. Augljóst er af magninu að kókaínið var ætlað til dreifingar hér á landi í ágóðaskyni.

Þá er óumdeilt í málinu að seinna á þeim sama sólarhring afhenti A ákærða þá ferðatösku sem kókaínið hafði verið í, en ákærði tók við töskunni á þeim stað sem í ákæru greinir. Allt er þetta óumdeilt.

Þannig er í raun eina ágreiningsefnið, hvað þennan lið ákæru varðar, hvort ákærði vissi eða mátti vita að í töskunni hafi átt að vera kókaín, þ.e. hvort ákærði hafði ásetning til að taka við tösku sem í var téð kókaín sem ætlað var til dreifingar hér á landi í ágóðaskyni.

Eins og að framan er rakið í framburði ákærða hefur hann ekki kannast við að hafa vitað um að kókaín ætti að vera í umræddri tösku. Hann hefur haldið sig við að hafa aðeins gert ráð fyrir því að í töskunni væri matvara, sem að mestu leyti hafi verið ætluð honum, en að tvær til þrjár niðursuðudósir væru ætlaðar öðrum manni, sem hann veit þó ekki hver er. Í framburði ákærða kom fram að hann héldi að í dósunum hafi átt að vera tómatar, en svo reyndist ekki vera. Þá verður ekki ráðið af innihaldi, umbúðum og merkingum á dósunum að þær hafi upprunalega verið undan tómotum.

Að mati dómsins er allur framburður ákærða um að hann hafi ekkert vitað um kókaín og innflutning þess, afar ótrúverðugur.

Ákærði lýsti því að hann hafi aldrei hitt A áður og að þau hafi aðeins rétt heilsast þegar hann tók við töskunni. Þetta er ekki í samræmi við upptöku af fundi þeirra, en þar sést að þau tala saman í rúmar 20 sekúndur áður en leiðir þeirra skilja, auk þess sem fram kom í framburði A og lögreglumanns nr. 0301 að þau hafi faðmast við þetta tækifæri. Þá hefur komið fram hjá A að hún hafi áður afhent ákærða ferðatösku við álíka tilefni. Hjá lögreglu bar A að hún hafi áður hitt ákærða í þessum erindagjörðum, en hann komi alltaf til að taka við töskunni. Gat hún þess að þess vegna hafi hún getað lýst ákærða fyrir lögreglumanni áður en kom til þess að ákærði tók við töskunni. Fyrir dómi kvaðst hún einu sinni áður, líklega í nóvember 2023, hafa afhent honum tösku.

Á heimili ákærða fundust nokkrir farsímar, en í þeim sínum er að finna skilaboð sem fjalla augljóslega um kókaín, þ.m.t. um afhendingu og dreifingu þess. Á þessu hefur ákærði ekki haft neinar skýringar, þrátt fyrir að símarnir hafi verið haldlagðir á heimili

hans. Ekkert hefur hins vegar komið fram í málinu um að [...] hafi átt hlut að meðferð og umsýslu kókaíns, eða að hún hafi átt í samskiptum um slíkt. Enn síður er ætlandi að [...] ákærða hafi átt þar hlut að máli, en fyrir liggur að ekki bjuggu aðrir á heimilinu.

Í rafrænum samskiptum í sínum sem hald var lagt á á heimili ákærða er að finna tengiliðinn B og samskipti við hann, m.a. þar sem hann þakkar ákærða og [...] fyrir allt sem þau hafi gert fyrir hann og séu enn að gera fyrir hann. Skýringar ákærða og [...] hans á þessu eru ótrúverðugar, þ.e. að þau hafi kynnst manni þessum í kirkjustarfi og einhvern tíma gefið honum mat og jakka. Ekki síst þegar litið er til þess að í framburði A kemur fram að sá maður sem sendi hana til Íslands með kókaínið og skipulagði för hennar, er ýmist kallaður B eða B, en rétt nafn hans skv. framburði A er B.

Í framburði A kemur fram að ákærði og B þekktist, en í því sambandi benti Aá þá staðreynd að hún hafi sjálf aldrei verið í beinum samskiptum við ákærða, heldur hafi hún verið í samskiptum við B, sem stundum er kallaður B, en þeir hafi svo ákveðið hvar og hvenær þau myndu hittast. Verður ekki dregin af þessu önnur ályktun en að B sé sá aðili sem sagði ákærða hvar og hvenær hann ætti að hitta A til að taka við töskunni. Á hinn bóginn er ótrúverðugur framburður A um að hún hafi ekki vitað um kókaínið í töskunni, enda liggur fyrir að hún hlaut dóm fyrir aðkomu sína og kemur þar fram að hún játaði sök í málinu.

Þá er ótrúverðugur allur framburður ákærða um tildrög þess og framkvæmd á því að einhver vinur hans í útlöndum hafi verið að senda honum afrísk matvæli vegna þess að matur sé svo dýr á Íslandi. Vissulega voru notaðar matarumbúðir, þ.e. niðursuðudósir, undir kókaínið, en að móttaka ákærða á ferðatöskunni hafi aðeins verið vegna matvæla er ótrúverðugt. Ekki síst þegar litið er til þess hvernig framkvæmdinni var háttað, þ.e. að hittast úti á götu og án þess að ákærði væri sjálfur í sambandi við þann aðila sem kom með og afhenti honum töskuna. Ef frásögn ákærða væri rétt, þ.e. um að hann hafi aðeins átt von á matvælum, þá er ljóst að framkvæmdin á þessu var ljóslega til þess fallin að vekja grunsemdir um að annað og meira lægi undir en aðeins innflutningur á afrískum matvælum.

Að öllu framangreindu virtu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í fyrri lið ákæru og er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Seinni liður ákærunnar lýtur að peningapvætti, en ákærði hefur neitað sök varðandi það eins og áður greinir. Um er að ræða þá fjármuni sem að ofan greinir og var

lagt hald á við húsleit á heimili ákærða. Um er að ræða fjárhæð sem er í verulegu ósamræmi við uppgefnar tekjur ákærða. Ákærði hefur lýst því að um sé að ræða laun fyrir svokallaða svarta vinnu. Hins vegar hefur ákærði ekki viljað gera neina grein fyrir því hvar hann var að vinna þá svörtu vinnu sem hann kveðst hafa unnið. Eru skýringar hans á því ótrúverðugar. Er raunar allur framburður hans um þetta með ósannindablæ og ber merki eftiráskýringa. Í framburði [...] ákærða kom fram að ákærði hafi stundum farið út og sagst vera að vinna svarta vinnu, en um það kvaðst hún hins vegar ekki vita frekar. Getur þessi framburður hennar ekki rennt neinum stöðum undir framburð ákærða um tilkomu hins haldlagða fjár.

Hér að ofan hefur ákærði verið fundinn sekur um stórfellt fíkniefnabrot. Þá liggja fyrir í málinu skýrar vísbendingar um að ákærði hafi áður komið að fíkniefnaviðskiptum og innflutningi fíkniefna, sbr. bæði framburð A og rafræn samskipti sem að ofan hefur verið lýst.

Samkvæmt ofansögðu er hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og er fjárhæðin 1.740.000 krónur. Háttsemin er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Hefur ákærði því unnið sér til refsingar, en samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur hann ekki áður verið fundinn sekur um refsiverðan verknað. Refsingu ákærða ber að ákveða með tilliti til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er hæfilegt að ákærði sæti fangelsi í 20 mánuði, sem ekki kemur til álita að binda neinu skilorði. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhald sem ákærði sætti undir rannsókn málsins frá 25. mars 2024 til 23. apríl 2024.

Í ákæru er gerð krafa um upptöku hins haldlagða fjár, eins og nánar greinir. Með vísun til þeirra lagaákvæða sem greinir í ákæru ber að fallast á upptökukröfuna.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar sbr. 235. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti er útlagður kostnaður við rannsókn málsins gagnvart ákærða 1.110.513 krónur og ber ákærða að greiða þann kostnað, sem og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns sem eru 3.887.524 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts, sem og aksturskostnað verjandans sem er 91.960 krónur.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Okey Emmanuel Ojidelu, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Frá refsingunni ber að draga, með fullri dagatölu, gæsluvarðhald ákærða frá 25. mars 2024 til 23. apríl 2024.

Ákærði skal sæta upptöku á innistæðu að höfuðstól 1.740.000 krónur af reikningi nr. [...] í Landsbankanum, ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum frá 24. mars 2024 til upptökudags.

Ákærði greiði sakarkostnað, alls 5.089.997 krónur, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Vals Guðjónssonar lögmanns, sem eru 3.887.524 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts og einnig þ.m.t. aksturskostnaður verjandans sem er 91.960 krónur.

Sigurður G. Gíslason